

## 3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um leiðsögu skipa, nr. 34/1993 samanber 5. gr. laga nr. 62/1993, öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

*Samgönguráðuneytið, 30. desember 1993.*

**Halldór Blöndal.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

## AUGLÝSING

### um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna aðgangs að starfsgrein farmflytjenda á vegum.

## 1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 28. tölulið XIII. viðauka, skulu öðlast gildi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans.

Eftirtalin EBE gerð öðlast því gildi, sbr. 1. mgr.:

1. Tilskipun ráðsins nr. 74/561/EBE frá 12. nóvember 1974 um aðgang að starfsgrein farmflytjenda á vegum í innanlands- og millilandaflutningum.

Ásamt breytingum:

Tilskipun ráðsins (EBE) 89/438/EBE frá 21. júní 1989.

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3572/90 um breytingu, vegna sameiningar Þýskalands, á tilteknum tilskipunum, ákvörðunum og reglugerðum er varða flutning á vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum.

Framangreinda gerð er birt í sérítí, samanber auglýsingu í C- deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993.

## 2. gr.

Samgönguráðuneytið mun gefa út gerðir XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið í sérítí.

## 3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um leigubifreiðar nr. 77/1989 samanber 1. gr. laga nr. 62/1993, öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

*Samgönguráðuneytið, 30. desember 1993.*

**Halldór Blöndal.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*